

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 208/1992. **Kristinn Bjarnason**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Særúnu hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Stefán Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Bjarnason, greiði stefnda, Særúnu hf., 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 17. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., hefur Kristinn Bjarnason, kt. 091048-4509, Brekkubyggð 11, Blönduósi, höfðað fyrir dóminum 27. maí 1991 með stefnu, dagsettri 27. apríl 1991, á hendur Særúnu hf., kt. 490474-0489, Efstubraut 1, Blönduósi, til greiðslu vangoldinna launa og staðfestingar á sjóveði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á

250.398 kr. með vöxtum og vaxtavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 85/1936. Loks er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í v/b Gissuri hvíta, HU-035, skipaskrárnúmer 0964, fyrir ofangreindum kröfum.

Í gagnsök eru dómkröfur aðalstefnanda þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum og gagnstefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum samkvæmt 175. gr. laga nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 85/1936.

Í gagnsök gerir stefndi og gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi, Kristinn Bjarnason, verði dæmdur til að greiða 125.199 kr. með vöxtum og vaxtavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í gagnsök skv. gjaldskrá LMFÍ með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 85/1936.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að stefnandi var ráðinn í stöðu 2. stýrimanns á Gissuri hvíta, HU-35, eign stefnda, og starfaði þar sem þriðji maður af þremur í tveimur stöðum, skipstjóra og stýrimanns. Hinn 17. september 1989 fór stefnandi í frí, sem átti að standa í 1-2 veiðiferðir, en vegna þess að faðir hans lést um það leyti, fékk hann frí áfram, svo að það nam þremur veiðiferðum. Eftir fríð kom stefnandi aftur í vinnu, en þá kom í ljós, að afleysingamaður, sem ráðinn hafði verið vegna veikinda skipstjóra, átti eftir eina veiðiferð af tímabundnum ráðningarsamningi sínum. Varð því að samkomulagi, að stefnandi yrði í frí eina veiðiferð enn. Eftir þá veiðiferð kom báturinn inn til Siglufjarðar og fór aftur út, án þess að stefnandi kæmist um borð, þar sem hann var ekki látinn vita. Þremur dögum síðar, 25. október 1989, kom báturinn aftur í land, og tók þá skipstjóri aftur við stöðu sinni. Hafði hann samband við stefnanda og tilkynnti honum, að báturinn færi út á miðnætti. Stefnandi undirbjó það, sem honum bar, fyrir veiðiferðina og fór síðan á hótelið á Blönduósi og fékk sér að borða. Á meðan hringdi skipstjóri heim til stefnanda til að tilkynna, að brottför hefði verið flýtt.

Stefnandi kom heim fyrir kl. 20.30 og beið árangurslaust heima hjá sér eftir því, að hann yrði sóttur og sér ekið til skips, eins og ávallt hafði verið gert. Stefnandi var þó hvorki sóttur fyrir þann tíma né síðar, heldur fór Gissur hvíti á veiðar án stefnanda og án þess að stefnanda væri tilkynnt um það, að hann yrði ekki sóttur eins og venjulega, svo að honum gæfist

kostur á að koma sér sjálfur til skips. Þegar stefnandi náði loks sambandi við skipstjóra, kom í ljós, að báturinn var farinn.

Næst þegar báturinn kom að landi, fór stefnandi á skrifstofu útgerðarinnar og óskaði skýringa. Eftir hádegi hringdi svo útgerðarstjóri stefnda í stefnanda og tjáði honum, að honum væri sagt upp störfum án lögmæts uppsagnarfrests vegna drykkjuskapar á hótelinu á Blönduósi, þegar fara átti í veiðiferðina. Stefnandi mótmælir öllum fullyrðingum um drykkjuskap, og jafnvel þótt um slíkt hefði verið að ræða, var fyrirvaralaus brottvikning úr starfi ólögmæt án undanfarandi viðvörunar, sbr. 24. gr. 1. nr. 35/1985.

Stefndi segir málavexti þá, að stefnandi, sem ráðinn var 2. stýrimaður á v/s Gissur hvíta, HU-35, og til afleysinga í stöðu stýrimanns, kom ekki til skips, þegar skipið fór á veiðar frá Skagatrönd 25. október 1989 kl. 23.10, enda þótt hann væri boðaður af skipstjóra skipsins með venjulegum hætti.

Umrætt kvöld sást til stefnanda að drykkju að Hótel Blönduósi.

Þar sem stefnandi hljópst þannig fyrirvaralaus úr starfi, vék skipstjóri honum úr skiprúmi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í aðalsök styður stefnandi kröfur sínar því, að á milli sín og stefnda hafi verið löglegur og venjulegur ráðningarsamningur um stöðu 2. stýrimanns á Gissuri hvíta, HU-35. Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta samningsins, og því heimili engin atvik stefnda fyrirvaralaus samningsrof. Stefnandi reisir kröfur sínar á sjómannalögum nr. 35/1985, einkum 2. mgr. 9. gr., lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og á kjarasamningum. Um kröfufjárhæð er miðað við launatöflu fiskimanna. Krafa um málskostnað er reist á l. nr. 85/1936, einkum 177. gr., og krafa um virðisaukaskatt á l. nr. 50/1988, en stefnandi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað. Til stuðnings kröfu um staðfestingu á sjóveði vitnar stefnandi í siglingalög nr. 34/1985, einkum 197. gr.

Kröfur stefnanda sundurliðast svo:

Kauptrygging 1. 11. 1989 til 1. 2. 1990	kr. 217.272
Fast kaup fyrir sama tíma	kr. 5.298
Fatapeningar fyrir sama tíma	kr. 4.713
Orlof 10,17%	kr. 23.115
Samtals	kr. 250.398

Málsástæður og lagarök stefnda.

Krafa stefnda í aðalsök er reist á 1. og 2. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 um heimild skipstjóra til að vikja skipverja úr skiprúmi. Krafa

aðalstefnda í gagnsök styðst við 2. mgr. 60. gr. laga nr. 35/1985 um bótarétt útgerðarmanns úr hendi skipverja, sem farið hefur fyrirvara-laust úr starfi, og mælir fyrir um laun í hálfan uppsagnarfrest sem bætur. Kröfufjárhæð í gagnsök er þannig helmingur kröfu stefnanda í aðalsök og byggist á sama grunni. Um kröfufjárhæð er vitnað til launatöflu fiskimanna. Gagnkrafan er einnig reist á 2. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 60. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við lög nr. 85/1936, aðallega 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt við lög nr. 50/1988.

Kröfur gagnstefnanda sundurliðast svo:

Hálf kauptrygging í þrjá mánuði	kr. 108.636,00
Hálft fast kaup sama tíma	kr. 2.649,00
Hálfir fatapeningar sama tíma	kr. 2.356,50
Hálft orlof 10,17%	kr. 11.557,50
Samtals	kr. 125.199,00

Við munnlegan flutning málsins komu fyrir dóminn aðilar og vitni.

Kristinn Bjarnason, stefnandi málsins, kom fyrir dóminn og kvað mála-vexti þá, að hann hefði farið að borða á Hótel Blönduósi 25. október 1989 ásamt Kjartani Ólafssyni, og hefði hann þá drukkið 2-3 bjóra með matnum. Um kl. 21.00 hefði síðan Sveinfríður Sigurpálsdóttir, kona mætta, ekið honum heim. Mætti segir, að það hafi verið föst venja að aka skipverjum til skips, þegar farið var frá Skagaströnd eins og í umrætt skipti. Þá kveðst mætti hafa reynt að ná í skipstjórann, Ómar Jakobsson, og um kl. 24.00 hefði hann loks náð sambandi, en þá var báturinn kominn út á sjó án mætta og án þess að hann yrði sóttur. Mætti kvaðst einungis hafa fengið tilkynningu um brottför frá Skagaströnd á miðnætti, en mætti átti að vera kokkur í umræddri ferð.

Daginn eftir, 26. október 1989, hafði Kristinn síðan samband við útgerðarfélagið, og átta dögum síðar hringdi útgerðarstjórinn, Guðmundur Ingþórsson, í mætta og sagði honum upp störfum án ástæðu.

Aðspurður kveðst mætti hafa drukkið einu sinni um borð, og hefði hann þá verið vel „rykaður“, en ekki fékk hann áminningu vegna þessa atviks, sem var í tilefni afmælis hans.

Þá kom fyrir dóminn Guðmundur Ingþórsson, útgerðarstjóri stefnda, en hann sá m. a. um það að koma áhöfninni um borð í umrætt skipti. Mætti staðfesti það, að stefnandi átti að fara sem kokkur í ferðina 25. október 1989. Mætti segir málavexti þá, að milli kl. 20.00 og 21.00 hafi Ómar Jakobsson skipstjóri hringt í sig, þar sem hann náði ekki sambandi við stefnanda, Kristin. Kveðst Guðmundur þá hafa hringt á Hótel Blönduós

og fengið þær upplýsingar, að stefnandi þessa máls, Kristinn Bjarnason, væri þar og undir áhrifum áfengis.

Vegna þessara upplýsinga tóku mætti og Ómar Jakobsson skipstjóri þá ákvörðun, að Kristinn hefði ekkert um borð að gera, og ekki var hann sóttur heim til sín fyrir umrædda ferð til Skagastrandar 25. október 1989.

Aðspurður segir mætti, Guðmundur, að Kristinn Bjarnason hafi áður komið ölvaður um borð, en ekki sá mætti Kristin ölvaðan 25. október 1989.

Vitnið Bryndís Sigurðardóttir, kt. 120659-2049, Hrafnhólum 4, Reykjavík, kom fyrir dóminn, en hún var þjónustustúlka á Hótel Blönduósi á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Vitnið kveðst hafa séð stefnanda þessa máls á hótelinu 25. október 1989 ásamt Kjartani Ólafssyni. Þá segir vitnið, að Kristinn Bjarnason hafi pantað sér sterka drykki og bjór, og hafi hún fært Kristni 2-4 glös af tvöföldum vodka í greip. Vitnið telur, að Kristinn hafi farið af hótelinu milli kl. 22.30 og 23.00, og hafi hann þá verið ölvaður. Þá segir vitnið, að ekki hafi verið hringt í sig vegna ölvunar stefnanda, Kristins, umrætt kvöld.

Einnig kom fyrir dóminn eiginkona stefnanda, Sveinfríður Sigurpálsdóttir, kt. 040858-4569, Brekkubýggð 11, Blönduósi, og staðfesti undirskrift sína á dóm skjali nr. 12. Mætta kveður Ómar Jakobsson skipstjóra hafa hringt í sig um kl. 20.00 25. október 1989 og sagt, að brottför skipsins yrði frá Skagaströnd á miðnætti. Um ölvunarástand stefnanda, þegar mætta sótti hann á hótelið umrætt kvöld, segir hún, að Kristinn hafi sagt, að hann hefði drukkið 2-3 bjóra.

Hinn 20. janúar sl. kom fyrir bæjarþing Keflavíkur vegna þessa máls skipstjórinn á v/b Gissuri hvíta, Ómar Jakobsson. Kvaðst hann hafa hringt í konu stefnanda til þess að tilkynna, að brottför yrði frá Skagaströnd kl. 23.10, en ekki 24.00. Þá staðfesti skipstjóri þá venju, að skipverjum væri alltaf ekið til skips, þegar farið væri frá Skagaströnd. Skipstjóri kveður stefnanda, Kristin, hafa hringt í sig klukkutíma eftir brottför frá Skagaströnd, og þá hafi hann greinilega verið fullur, en ekki sá mætti stefnanda fullan umrætt kvöld. Skipstjóri kvaðst hafa veitt stefnanda áminningu vegna drykkjuskapar um borð, en ekki var sú áminning skrifleg né skráð í dagbækur skipsins. Þá staðfesti skipstjóri það, að stefnandi átti að vera kokkur í ferðinni, sem hófst 25. október 1989, en átti þó að standa fyrstu vaktina ásamt öðrum.

Þegar skýrslutöku var lokið, var gerð úrslitatilraun til sátta, en án árangurs.

Við málflutninginn komu fram nánari rök til stuðnings málsástæðum aðila.

Niðurstaða dómsins.

Í aðalsök gerir stefnandi, Kristinn Bjarnason, kröfu um greiðslu á 250.398 kr. auk vaxta og málskostnaðar úr hendi stefnda, Særúnar hf., vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi. Stefndi, Særún hf., gerir ekki athugasemdir við kröfufjárhæð stefnanda né lagarök, en krefst sýknu á grundvelli 1. og 2. tl. 24. gr. laga nr. 35/1985 um heimild skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

Verður nú nánar skoðuð sýknukrafa stefnda með tilliti til allra málsatvika.

1. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 heimilar skipstjóra að víkja skipverja úr skiprúmi, ef skipverji reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til. Stefndi, Særún hf., styðst í þessu sambandi við framburð vitnisins Bryndísar Sigurðardóttur og skipstjóra, Ómars Jakobssonar, um ölvun stefnanda, Kristins, að kvöldi 25. október 1989 auk viðurkenningar stefnanda sjálfs á nokkurri áfengisneyslu umrætt kvöld. Sannað telst í máli þessu, að stefnandi, Kristinn, átti að vera kokkur á m/s Gissuri hvíta í ferðinni, sem farin var frá Skagaströnd 25. október 1989. Þá er vitnið Bryndís sú eina, sem sá til stefnanda umrætt kvöld. Með hliðsjón af þessu og málsatvikum öllum telst það því ekki sannað, að stefnandi, Kristinn Bjarnason, hafi verið óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til, skv. 1. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Kemur þá til athugunar 2. tl. 24. gr. laga nr. 35/1985, en þar er skipstjóra heimilað að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn. Leitt er í ljós í máli þessu, að venja er að sækja skipverjana á Gissuri hvíta, HU-35, til síns heima, þegar skipið lætur úr höfn frá Skagaströnd. Eru þeir sammála um þessa venju, stefnandi, Kristinn Bjarnason, útgerðarstjóri stefnda, Guðmundur Ingbórsson, og skipstjórinn á m/s Gissuri hvíta, Ómar Jakobsson. Jafnframt er leitt í ljós, að forsvarsmenn stefnda, Særúnar hf., tóku þá ákvörðun að sækja stefnda ekki heim til sín og aka honum til Skagastrandar 25. október 1989, er Gissur hvíti, HU-35, átti að láta úr höfn. Sýknukrafa stefnda á grundvelli 2. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er því ekki tekin til greina.

Þegar þessi niðurstaða er fengin, er einnig ljóst, að gagnkrafa stefnda, Særúnar hf., verður ekki tekin til greina, þar sem aðalstefnandi fór ekki fyrirvaralaust úr starfi.

Á þessum forsendum ber að taka dómkröfu stefnanda til greina í þessu máli. Stefnandi á sjóveðsrétt í m/b Gissuri hvíta fyrir dæmdum fjárhæðum, sbr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Særún hf., Blönduósi, greiði stefnanda, Kristni Bjarnasyni, 250.398 kr. auk vaxta og vaxtavaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987

frá 1. september 1990 til greiðsludags og málskostnað, 160.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum. Stefnandi á sjóveðsrétt í m/b Gissuri hvíta fyrir dæmdum fjárhæðum, sbr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
